

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðabyggð Þernunesi Þernunes



Dags eftirlits	16.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Fjarðabyggð Þernunesi	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Hafnargata 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4706982099	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hilmir Þór Ásbjörnsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Aron Leví Beck	Staðsetning	741265,622 507688,102

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Níu frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit og opin eru fjögur frávik úr fyrra eftirliti. Tvær ábendingar eru settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með urðunarstað Fjarðabyggðar í Þernunesi í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðila er heimilt að urða allt að 3.000 tonn á ári af meðhöndluðum úrgangi sem flokkast ekki sem spilliefni. Þó má urða stöðug óvirk spilliefni sem uppfylla ákveðin skilyrði. Síðasta breyting á starfsleyfi fór fram þann 13. ágúst 2021 og er gildistími starfsleyfis til 6. febrúar 2036.

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- 1) Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- 2) Farið yfir starfsleyfið
- 3) Eftirlitsmælingar og skráningar
- 4) Áætlanir og viðbrögð
- 5) Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- 6) Kynning á meðfylgjandi gögnum
- 7) Önnur mál
- 8) Skoðunarferð á urðunarstað

1. Í eftirliti ársins 2024 voru sett fram sex frávik frá kröfum starfsleyfis, hluti af þeim hafa verið opin lengur. Engin úrbótaáætlun barst frá rekstraraðila en eftir eftirlit komu fram frekari upplýsingar í erindi til stofnunarinnar í tölvupósti þann 18. október 2024. Í því erindi komu fram skráningar vegna ársins 2023 á mótteknum úrgangi sem og viðbragðsáætlun vegna vegna bráðamengunar hafs og stranda. Eftir eftirlit var einnig ústreymisbókhaldi skilað ásamt vöktunarmælingum og viðaukum vegna vöktunar. Rekstraraðili sendi einnig eftir eftirlit afrit af ábyrgðartryggingu vegna mögulegs mengunartjóns sbr. lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er gilti fyrir það ár. Tveimur frávikum var því lokað í kjölfar eftirlits en ekki hafa farið fram úrbætur á fjórum frávikum sem sett voru fram í eftirliti 2024. Eitt opið frávik varðar urðun umfram heimildir starfsleyfis vegna ársins 2023 og nú aftur vegna ársins 2024. Annað frávikið varðaði ófullnægjandi skráningar, og var þá ekki gerð grein fyrir skráningum á sigmælingum og stöðu urðunarstaðar. Þriðja frávikið varðaði að aðstaða sé ekki til staðar til að framkvæma rennslismælingar á sigvatni og ekki hefur verið staðið að mælingum vegna hæðar grunnvatnsborðs, úrbótum þess efnis er því ólokið. Fjóða frávikið varðaði að skilafrestur skráninga var ekki virtur og á það einnig við á þessu ári vegna skila á skráningum ársins 2024.

2. Farið var yfir starfsleyfið. Síðast fór fram vöktun á grunnvatni árið 2022, og eiga slíkar mælingar að fara fram annað hvert ár skv. starfsleyfi og því næst áætlað árið 2024 sem skila ber árið 2025, ekki fékkst staðfest í eftirliti að það hafi verið gert.

4. Skráningum vegna krafna í starfsleyfi hefur ekki verið skilað inn til Umhverfis- og orkustofnunar árið 2025 vegna ársins 2024, hvorki ársyfirliti né umhverfisupplýsingum eða niðurstöðum vegna vöktunar sem er frávik. Við eftirlit voru skráningar ekki til staðar, hvorki áætlanir, markmið eða yfirlit yfir tryggingar.

5. Niðurstaða áhættumats 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits á næsta ári, sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit hefur breyst frá fyrri stöðu, þar sem tíðnin var áður um árlegt eftirlit og var í flokk B. Niðurstaða áhættumats nú setur urðunarstaðinn í hæsta áhættuflokk, þ.e. flokk A, þar sem viðmiðið er 2x á ári.

6. Fjallað var um breytt fyrirkomulag eftirlits hjá Umhverfis- og orkustofnun og voru einnig kynntar nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur, en erindi um hvoru tveggja fylgdi fundarboði eftirlits.

7. Fjallað var um nýútgefnar leiðbeiningar stofnunarinnar varðandi endurnýtingu úrgangs í fyllingar sem gætu gagnast sveitarfélaginu að kynna sér vel. Einnig eru til leiðbeiningar um skráningar úrgangsstaða og varða gagnagrunn um mengaðan jarðveg, en stofnunin vinnur að skrásetningu og kortlagningu staða þar sem mengun gæti verið til staðar í jarðvegi út frá rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og var það kynnt í eftirliti ársins 2024.

8. Farið var í vettvangskoðun inn á urðunarstað, svæðið er afgirt og hlið til staðar og stóð yfir vinna og undirbúningur á nýju urðunarhólfi þegar eftirlit fór fram. Flytja þarf inn á svæðið töluvert af jarðefni í fráganginn og er það sótt í efnisnámu sem er í nágrenni við urðunarstaðinn.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 1.2 í starfsleyfi:	Urðunarstað er heimilt að taka á móti að hámarki 3.000 tonnum af úrgangi á ári. Skv. upplýsingum úr gagnagátt stofnunarinnar sem skilað var þann 10. júlí sl. kemur fram að urðað hafi verið í Þernunesi 3.356 tonn árið 2024. Ekki hefur gengið að draga úr magni urðaðs úrgangs. Magn urðunar umfram heimildir voru rúmlega 12% yfir það magn sem heimilt er. Í Þernunesi hefur verið umfram heimildir árið 2023 og 2022.
gr. 2.1 í starfsleyfi:	Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim, skulu þau endurskoðuð á a.m.k. 4 ára fresti. Umhverfismarkmið lá ekki fyrir við eftirlit.
gr. 2.2 í starfsleyfi:	Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við rekstraraðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum, framkvæmd viðbragðsáætlana og öðrum samskiptum er varða urðunarstaðinn og ber ábyrgð á innra eftirliti rekstraraðila. Ef breyting verður á tengilið ber að tilkynna eftirlitsaðila um ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðaupplýsingum. Engar tilkynningar bárust stofnuninni um
gr. 2.8 í starfsleyfi:	Ábyrgðatrygging í gildi var ekki til staðar vegna ársins 2025 og er frávik.
gr. 4.1 í starfsleyfi:	Rekstraraðili tekur ekki saman skráningar í samræmi við starfsleyfi. Opið er eldra frávik varðandi sama atriði þar sem skráningum á sigi og stöðu urðunarstaðar var ekki skilað vegna ársins 2023.
gr. 4.2 í starfsleyfi:	Skráningum vegna ársins 2024 var ekki skilað og eiga þær einnig við um skil á niðurstöðum vöktunar.
gr. 4.3 í starfsleyfi:	Ekki hefur verið lagt fram mat á hvort gæði grunnvatnsborðs fyrir neðan urðunarstað, samanborið við mælingar grunnvatns ofan hans séu innan umhverfismarka. Vöktun var ekki skilað og rekstraraðili ekki meðvitaður um niðurstöður þeirrar vöktunar sem fram fer á urðunarstað.

gr. 4.4 í starfsleyfi:

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöðu skráninga sbr. gr. 4.1 fyrir 1. maí, árlega fyrir hvert undangengið almannaksár. Skráningum var ekki skilað árið 2025 vegna skráninga í samræmi við starfsleyfi.

gr. 4.5 í starfsleyfi:

Umhverfisupplýsingum sbr. rg. nr. 990/2008 var ekki skilað, en skila ber þeim upplýsingum árlega og fyrir 1. maí vegna undangengis árs.

ÁBENDINGAR

Ábending 1:

Minnt er á að ef farið er með jarðveg inn á urðunarstað, sem ekki er hreint jarðefni og á að farga telst það sem úrgangur sbr. lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og mikilvægt er að sjá til þess að skrá það á viðeigandi hátt og sjá til þess að úrgangurinn falli að móttökuvíðmiðum fyrir urðunarstaðinn sbr. viðauka II í rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Ábending 2:

Fjallað var um breytingar á fyrirkomulagi skila á umhverfisupplýsingum, en fyrr á árinu var sent erindi þess efnis á alla starfsleyfishafa hjá Umhverfis- og orkustofnun. Varðar breytingin rg. nr. 990/2008 um ústreymisbókhald, sbr. breytingareglugerð nr. 206/2025. Rekstraraðilar atvinnurekstrar, sbr. viðauka I og viðauka II í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, skulu skila árlega umhverfisupplýsingum rafrænt til Umhverfis- og orkustofnunar, til viðbótar við skráningar ársyfirlits. Mikilvægt er að rekstraraðili kynni sér vel þessar breytingar þar sem þær eiga við um urðunarstaðinn, losun efna í umhverfið og samræmi við umfang þess sem urðað er í Þernunesi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,



Halla Margrét Viðarsdóttir